

Upplýsingar til sjúklings

eftir inndælingu lyfs í auga

Varast ber að nudda augað og ekki má fara í sund í 5 daga. Margir finna fyrir óþægindum í auganu tengt augnþurrki svo gott er að eiga gervitár og nota eftir þörfum. Eftir hverja meðferð skaltu vera vakandi fyrir því að aukaverkanir geta komið fram.

Algengar aukaverkanir:

- Blóð undir slímhúð á hvítu augans eftir stunguna. Blóðið hverfur venjulega sjálfkrafa.
- Lítil hringur sést neðst í sjónsviðinu. Þetta er loftbóla sem fer inn með lyfinu þegar því er dælt í augað og hverfur á nokkrum dögum.
- Smáar agnir í sjónsviðinu.

Einkenni sem þú skalt vera sérstaklega vakandi fyrir:

- Óþægindi eða verkir í auganu sem láta ekki undan 2 stk. Paracetamól.
- Ljófælni, sjóntruflanir eða breytingar á sjón.
- Skyndileg móða í sjónsviði og ljósblossar.
- Nýtilkomnir skuggar í sjónsviði augans.
- Roði sem kemur nokkrum dögum eftir lyfjagjöfina og fer vaxandi.

Ef þú verður var/vör við einhver einkenni skaltu strax hafa samband við augndeildina, **sími 543 7122 og 543 7111.**

Eftir kl. 15:30 og um helgar getur þú hringt í **síma 543 1000** og beðið um vakthafandi augnlækni.

Eftirlit/endurkoma:

.....

.....

.....

.....



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

